

Svæðisráð austursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs 81. fundur haldinn í húsnæði þjóðgarðsins að Einhleypingi 1, Fellabæ, 6. febrúar 2017 kl. 16:30

Mætt á fund: Jóhann F. Þórhallsson, Ruth Magnúsdóttir, Einar Kr. Haraldsson, Þórhallur Þorsteinsdóttir, Björn Ármann Ólafsson, Agnes Brá Birgisdóttir, Þórveig Jóhannsdóttir, Valbjörn Steingrímsson fjármálastjóri og Þórður Ólafsson framkvæmdastjóri.

Ruth setti fundinn kl: 16:30. Gengið til dagskrár.

1. Dagskrá og samþykki fundagerða

Formaður óskar eftir athugasemdum við dagskrána. Þórður biður um að bætt verði inn undir önnur mál „samstarf um landvörslu á Norður og Austursvæði“. Ruth biður einnig um að byrjað verði að skoða nýju skrifstofuaðstöðu fjármálastjóra og bókara. Ný dagskrá er samþykkt.

2. Skoðuð aðstaða fyrir starfsmenn Vatnajökulspjóðgarðs að Einhleypingi 1, Fellabæ.

Steingrímur mætir 16:59

3. Rekstraráætlun 2017

Valbjörn og Þórður kynna drög að rekstraráætlun austursvæðis. Rekstarframlagið til þjóðgarðsins er talsvert lægra en í fyrra eða um 10 milljónum lægra. Inní þessum fyrstu drögum að rekstraráætlun 2017 er ekki það viðbótar fjármagn sem búið er að sækja um til umhverfisráðuneytis. Því er haldið opnu að það fái meira fé inn í þjóðgarðinn fyrir landvörslu og ekki hægt að ráðstafa því óstaðfestu. Valbjörn sýnir hugleiðingar sínar varðandi mögulega sparnaðar og tekjulið. Veltir upp ýmsum leiðum hvar sé hægt að spara/nýta hlutina betur, einnig hvort hægt sé að fá meiri sértekjur, t.d. með lóðaleigu undir ferðafélagsskála o.s.frv. Hann nefnir að gott væri að skoða í kjölin hvar væri hægt að spara og fá sértekjur. Þjóðgarðurinn þarf að fara afla meiri sértékna samkvæmt kröfum frá nýrri ríkisstjórn. Jóhann spyr hvort komið sé plan fyrir þá fjármuni sem er búið að sækja aukalega og í hvað þeir eiga fara ef þjóðgarðurinn fær þá. Þórður og Valbjörn segja svo vera, að þeir muni fara í auka landvarðarvikur á svæðið. Þórhallur bendir á að lóðaleiga sé umhugsunarverð, og nefnir það að það geri ferðafélögunum mjög erfitt fyrir að samningar við þjóðgarðinn séu bara til 1 árs þrátt fyrir að ítrekað hafi verið óskað eftir langtímasamningum.

Gert ráð fyrir að svæðisráð fari aftur yfir rekstraráætlun á næsta fundi þar sem hún er ekki fullkláruð.

Þórhallur Þorsteinsson yfirgefur fundinn.

4. Framkvæmdir ársins 2017

Þórður og Valbjörn kynna helstu framkvæmdir þjóðgarðsins í ár, 2017. Helstu

framkvæmdir á austursvæði eru salernishús upp við Snæfellskála. Kostnaður er áætlaður um 18 millj. kr. Þórður og Valbjörn kynna samning sem gerður var við verktaka á austursvæði um byggingu salernisaðstöðu við Snæfell. Verkinu á að vera lokið 30. júní.

Einar minnir á slóðirnar tvær sem eru lokaðar (Sauðárkofa og Eyjakofa), samkvæmt Stjórnunar- og verndaráætlun eiga þessar slóðir að vera opnar.

Svæðisráð ítrekar fyrri bókanir um veghald í Þjóðgarðinum og beinir því til stjórnar Þjóðgarðsins að ýta á eftir Vegagerð ríkisins að sinni sínum skyldum sem veghaldari inni í Þjóðgarðinum.

Jóhann bendir á að það þurfi að kalla slóðasamráðsaðila aftur að borðinu til þess að endurskoða hvað eigi að gera við Sauðárkofaslóð. Á að loka henni og friða þannig betur Vesturöræfi eða á hún að vera hluti af slóðakerfi svæðisins með þeim skilyrðum að hún sé löguð. Svæðisráð ákveður að taka Sauðárkofaslóða mál fyrir á næsta fundi.

Svæðisráð bendir á að aðstöðuleysi í Krepputungu sé farið að há starfsseminni mikið. Aðstaða fyrir landverði í Krepputungu þarf að koma upp fljótlega og einnig brú á Blöndu.

Agnes bendir á að framkvæmdir og vinna við deiliskipulög í Krepputungu geti ekki hafist fyrr en Stjórnunar- og verndaráætlun verði samþykkt með stækkuninni Krepputungu og Kverkárrana.

5. Stofun lóðar í Kverkfjöllum

Ruth rekur í stuttu máli umsókn Ferðafélags Fljótsdalshérað um lóð við Virkisfell. Málið fór frá sveitarfélaginu til forsætisráðuneytis fyrrihluta árs 2016. Ekkert formlegt erindi kom frá forsætisráðuneytinu til Vatnajökulspjóðgarðs vegna málsins og málið hefur hvorki verið tekið fyrir í stjórn né svæðisráði. Ruth sendi fyrirspurn til umhverfisráðuneytisins og breytingar hafa orðið á afgreiðslu lóðaumsókna í tengslum við ný lög um Vatnajökulspjóðgarð. Ruth vísaði til svars Sigríðar Svönu lögfræðings í umhverfisráðuneytinu og í stuttu máli trompa lög um Vatnajökulspjóðgarð lög um Þjóðlendur og því þarf Þjóðgarðurinn að veita leyfi fyrir stofnun lóðar innan hans og lóðaleiga fellur jafnframt til Þjóðgarðsins, en ekki viðkomandi sveitarfélags, eins og verið hefði hefðu lög um Þjóðlendur gilt. Aðilar sem eiga eignir innan Þjóðgarðsmarka þurfa að gera lóðaleigusamninga við VJÞ. Rætt var um það ferli að sækja um lóð til Vatnajökulspjóðgarðs, hvernig ferlið er, deiliskipulag, svæðisskipulag. Agnes nefnir að það þurfi að vera skýrt að Þjóðgarðurinn þurfi líka athafnarsvæði við Virkisfell.

6. Önnur mál:

a. Styrkir

Austursvæðið hefur fengið samþykka tvo styrki frá Vinum Vatnajökulspjóðgarðs 2017. 1. Upplýsingabæklinga fyrir Snæfellsstofu. 2. Samstarfverkefni við Laugarfell, kortaskilti og upplýsingagjöf. Svæðisráð lýsir ánægju sinni yfir þessum verkefnum.

b. Samstarf um landvörslu austan og vestan Jökulsár á Fjöllum

Þórður kynnir að það sé komin nýr þjóðgarðsvörður á norðursvæði og spyr hvort að það geti verið samlegð fyrir austur og norðursvæði um starfsemi á hálendinu þó svo farið sé yfir svæðamörk.

Agnes fer yfir hvernig samstarf á hálendinu sl. sumar var háttað. Hálendis yfirlandvörður sem var í með aðsetur í Öskju og var yfir landvörðum í Krepputungu, Möðrudal og Öskju. Svæðin hafa alltaf unnið óformlega saman. Þórður leggur til að svæðisráðin norður og austur fundi um þetta. Ruth leggur til að þjóðgarðsverðirnir þrír (austursvæði og norðursvæði) vinni tillögu til svæðisráðana. Svæðisráð ákveður að málið verði unni í þremur skrefum: 1. Þjóðgerðisverðir gera tillögu. 2. Lagt fyrir svæðisráðin. 3. Svæðisráðin funda saman ef þörf er á.

Stefnd á að halda næsta svæðisráðsfund 23. mars næstkomandi.

Fundi slitið 18:55
Ritari Þórveig Jóhannsdóttir